



Reykjavík 25. nóvember 2023

Fjárlaganefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
[stefan.vagn.stefansson@althingi.is](mailto:stefan.vagn.stefansson@althingi.is)

### Varðandi útgáfu bókarinnar *Lýðræði í mótun*

Sögufélag hyggst gefa út ritið *Lýðræði í mótun* á árinu 2024. Með þessu bréfi er óskað eftir fjárhagsstuðningi við verkið til að gera útgáfu mögulega. Miklu máli myndi skipta ef hægt væri að styrkja bókina allt að einni milljón króna.

Bókin er stytt og endurbætt útgáfa á doktorsritgerð Hrafnkels Lárussonar sagnfræðings, sem hann varði við Háskóla Íslands árið 2021. Efni bókarinnar á erindi við samtímann, og er í henni fjallað um samspil og gagnkvæm áhrif lýðræðisþróunar og vaxandi félagastarfs á Íslandi á árabílinu 1874-1915. Þar er til að mynda fjallað um þátttöku almennings í starfi félagshreyfinga, meðal annars kvennahreyfingarinnar og bindishreyfingarinnar.

Vel fer á að gefa bókina út á árinu 2024, en á því ári mun íslenska lýðveldið fagna 80 ára afmæli sínu. Á því ári verða einnig liðin 180 ár frá því að fyrst var kostið til Alþingis, en það var árið 1844.

Með von um góðar undirtektir,

Guðrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Sögufélags  
[gudrun@sogufelag.is](mailto:gudrun@sogufelag.is)

### Fylgiskjal:

- Efnislýsing höfundar, Hrafnkels Lárussonar, á efni bókarinnar og samfélaginu á Íslandi undir lok 19. aldar og í upphafi 20. aldar.